

**Nd.**

**930. Nefndarálit**

[242. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um þá breytingu sem gerð var á frumvarpinu í efri deild eftir afgreiðslu þessarar deildar á málinu.

Samkomulag varð ekki í nefndinni um þá breytingu, en minni hlutinn leggur til að deildin samþykki þá breytingu sem samþykkt var samhljóða í efri deild og félagsmálanefnd þeirrar deildar stóð einhuga að.

Umsögn barst frá BSRB sem mælir með að frv. verði samþykkt, en ASÍ sendi ekki umsögn. Fulltrúar Vinnuveitendasambandsins, sem mættu á fund nefndarinnar, lýstu andstöðu við frumvarpið.

Reykjavík, 5. maí 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir.